



VINNUSKÓLI REYKJANESBÆJAR

SKÝRSLA 2001

Ragnar Örn Pétursson
Forvarnar-og æskulýðsfulltrúi

Inngangur

Vinnuskóli Reykjanesbæjar er vinnustaður fyrir unglunga á aldrinum 14 til 16 ára. Í flestum tilfellum er um að ræða fyrstu kynni unglunga af launaðri vinnu og því mikilvægt að vel takist til, því lengi býr að fyrstu gerð.

Í þessari skýrslu er reynt að koma inn á sem flest sem tengist Vinnuskólanum en óhætt er að segja að Vinnuskólinn er með stærri atvinnurekendum á Suðurnesjum yfir sumarmánuðina.

Undirbúningur

Umsóknareyðublöðum var dreift til nemenda í apríl. Með umsóknareyðublaðinu fylgdi upplýsingablað til foreldra eða forráðamanna nemendanna. Á þessu blaði voru upplýsingar um Vinnuskólann, tímabil hópa, laun og fleira.

Þeir nemendur sem höfðu áhuga á að sækja um vinnu hjá Vinnuskólanum áttu síðan að senda umsóknir sínar á skrifstofu skólans í Kjarna Hafnargötu 57.

Í marsmánuði var auglýst eftir yfirflokksstjórum og flokksstjórum. Þegar framboð atvinnu er eins gott og verið hefur s.l. tvö ár þá hefur reynst erfitt að fá flokksstjóra til vinnu hjá Vinnuskólanum. Bæði er það að launin eru ekki talin nógu góð, ekki eru möguleikar á eftirvinnu og vinnutímabilið yfir sumarið ekki nógu langt. Þrátt fyrir þetta tókst okkur að manna stöður flokksstjóra, en alls voru ráðnir 13 flokksstjórar. Vegna þess að í ár eins og í fyrra voru nemendur í Vinnuskólanum mun færri en undanfarin ár þá fengum við flokksstjórana til vinnu eins fljótt og mögulegt var í maímánuði.

Yfirflokksstjórar í sumar voru tveir, Starkaður Barkason og Þorgerður Magnúsdóttir. Mun færri flokksstjórar sem ráðnir voru nú höfðu reynslu af því að starfa með unglungum en áður.

Starfsmenn

Í árgöngunum þremur voru 445 nemendur á aldrinum 14 til 16 ára og af þeim skráðu 247 sig í Vinnuskólann sem er um 54%. Árið á undan skráðu 176 sig í Vinnuskólann eða 40% af árgöngunum. Fjölgun á milli ára er því 14%, en árið áður var 17% fækkun. Skipting nemenda eftir árgöngum er þannig:

	Árgangur:	Skráðir:	%:	2000
14 ára	186	106	57	58
15 ára	140	82	59	45
16 ára	129	59	46	20
Samtals:	445	247	54	40

Helsta breytingin frá árinu 2000 er að skipting í árgöngum hefur breyst. Mikil fjölgun er í 14 ára árganginum og einnig nokkur fækkun í 16 ára árgangnum. 15 ára árgangurinn er nokkuð svipaður á milli ára.

Í ár verður veruleg fjölgun unglunga í Vinnuskólanum, eða um 71 unglung, 247 á móti 176 árið áður. Þetta er um 14% fjölgun en árið 2000 fækkaði unglungum um 17% frá árinu 1999. Þetta sýnir að fjöldi unglunga getur orðið nokkuð mismunandi á milli ára og á eflaust rætur að rekja til ástandsins á atvinnumarkaði á hverjum tíma.

Á þessu yfirliti sést að fæstir skila sér úr 16 ára árgangi og verður það að teljast eðlilegt, þar sem þau eiga meiri möguleika á vinnu á almennum vinnumarkaði en yngri krakkar. Í þessum árgangi má þó sjá blikur á lofti í atvinnumálum þessa árgangs, þar sem fjöldi 16 ára nærri tvöfaldast á milli árána 2000 og 2001. Þá er örlítil fjölgun í 15 ára árgangnum, en 14 ára árgangurinn er nánast sá sami og síðasta ár.

Hér á eftir fylgir skýrsla frá yfirflokksstjórum um starfsemina í sumar.

Verkefni sumarsins

Starf vinnuskólans var að mestu með hefðbundnu sniði þetta sumarið. Helstu störfín voru hreinsun hverfa, beða, sláttur og rakstur. Þó setti það sitt mark á að nú voru beð bæjarins að mestu í umsjá Nesprýði. Var það að nokkru leyti til boga því þegar sem flestir voru í vinnu skorti verkefni. Í ljósi þess að Nesprýði gekk illa að halda öllum beðunum skikkanlegum væri því ekki úr vegi að minnka útboðshlutann næsta sumar og halda einhverjum beðum eftir í umsjá Vinnuskólans.

Annað sem vert er að gefa gaum er garðaslátturinn. Margar kvartanir bárust, eins og reyndar flest sumar. Enda er ekki hægt að búast við því að óreyndir 15 ára unglingar ráði við að slá um 250 garða þvisvar sinnum yfir sumarið. Við þessu verður að bregðast, annað hvort með því að láta sláttinn kosta eitthvað til að losna við þá garða sem fólk vissulega getur slegið sjálft, eða með því að kaupa fleiri slátturvélar og stækka slátturhópinn. Þannig væri hægt að fara hæggar yfir og vanda verkið.

Skipting í hópa

Skipting hópa eftir aldri og tímabili var með svipuðu fyrirkomulagi og áður. Að mestu leyti gengur það upp og ástæðulaust að hreyfa mikið við því. Reyndar verða einhverjar breytingar óhjákvæmilegar nú þegar Vinnuskólinn tekur ekki til starfa fyrir en í annarri viku júní mánaðar. Mætti þá hafa að leiðarljósi að dreifa fjöldanum sem best, þó með fleiri nemum fyrstu vikunnar en þær síðari.

Eitt vandamál hefur þó verið viðvarandi sumar eftir sumar. Hingað til hafa 8. bekkingar unnið hálfan vinnudag í 6 vikur, til skiptis fyrir og eftir hádegi. Hvert sumar fáum við tugi beiðna þess efnis að nemi fái af vera einungis fyrir hádegi og ef verða á við þeim beiðnum skapast mikið ójafnvægi sem krefst þess að ráðnir verði fleiri flokkstjórar (en nógu erfitt er að ráða hæfa flokkstjóra nú þegar). Annað hvort verður Vinnuskólinn að vera harður á því að gera engar undantekningar hvað þetta varðar ellegar breyta fyrirkomulaginu á einhvern hátt.

Sumardagur Vinnuskóla Reykjanesbæjar.

Undanfarin tvö sumar hefur Vinnuskóli Reykjanesbæjar farið á Laugarvatn með nemendum sínum þar sem boðið hefur verið upp á skemmtun af ýmsu tagi. Að þessu sinni var ákveðið að breyta aðeins til og ekki endilega gera það sama með öllum krökkunum eða hafa ákveðinn dag fyrir herlegheitin.

Þetta heppnaðist bæði vel og illa.

8. bekkur fór í Go-kart og Bláa lónið og heppnaðist sú ferð vel í alla staði. Nemendur jafnt sem flokkstjórar komu sáttir úr ferðinni og þótti engum miður að hafa greitt 1000 krónur fyrir skemmtun af þessu tagi.

Verr fór þó með 9.-og 10. bekk en þeim var boðið til sjóferðar og grillveislu. Í fyrsta lagi voru þau yfirhöfuð ekki ánægð með það sem var í boði, en létu þó tilleiðast, því ferðalag var þó betra en hinn valkosturinn, sem var vinnan. Enginn kom sáttur úr þessari ferð og hafði bilun í vélarbúnaði bátsins eflaust einna mest um það að segja og því var gripið til þess ráðs að bjóða krökkunum í Bláa lónið í sárabætur, enda voru þau búin að borga 1500 krónur fyrir sjóferðina.

Enda þótt Sumardagur Vinnuskóla Reykjanesbæjar hafi ekki verið öllum til gamans að þessu sinni viljum við hvetja til þess að hann verði hafður með svipuðu sniði á næsta ári. Til þess að betur fari að ári liðnu fylgja hér á eftir hugmyndir um það sem hægt væri að gera með þessum aldurshópi:

Í stað þess að fara með hópinn í rútu til Reykjavíkur og skella honum um borð í bát væri hugmynd að nýta bæjarferðina aðeins meira og bjóða upp á:

Paintball

Laser tag

Bíóferð

Leikhús

Keilu

Billjard

Borðtennis

Sund

svo nokkuð sé nefnt.

Ef ætlunin er að halda sig frekar innanbæjar þá sýnir reynslan að go-kartið og Bláa lónið slær í gegn en einnig væri hægt að stuðla að meiri samheldni með því að reyna að fá flokkstjórana til liðs við okkur og fá þá til að gera eitthvað með krökkunum eina kvöldstund. Hægt væri að bjóða til videokvölds með pizzaveislu, kvöldvöku í Sólbrekkum eins og gert hefur verið með flokkstjórunum undanfarin ár, þá væri hægt að taka playstation 2 leikjatölvu á leigu ásamt leikjum og koma af stað keppni og fl.

Auk þessa væri hægt að bjóða upp á námskeið í til að mynda: hjólabrettaiðkun, snyrtifræði, dansi, að búa til hringitóna á gsm síma, sjálfsvörn, skyndihjálp o.s.frv.

Algjörlega ástæðulaust er að halda sig einungis við þær hugmyndir sem birtast á þessum lista því aðeins hugmyndaaflið setur okkur takmörk hvað varðar skemmtun á Sumardegi Vinnuskólans.

Þar sem reynslan á þessu ári hefur sýnt að krakkarnir eru tilbúnir til að borga fyrir að gera eitthvað skemmtilegt á Sumardegi Vinnuskólans, væri hægt að velja nokkur atriði af þessum lista og leita tilboða hjá viðkomandi fyrirtækjum og krakkarnir tækju svo þátt í kostnaðinum. Til gamans má geta þess að Vinnuskólarnir í Reykjavík og í Hafnarfirði hafa þennan háttinn á.

Starkaður Barkason

Þorgerður Magnúsdóttir

Vinnutími

Starfstímabilið er þrjú mánuðir; júní, júlí og ágúst. Á þessu tímabili fengu unglingarnir 14 til 16 ára vinnu og laun sem hér segir:

Aldur:	Dagleg vinna mánud.-fimmtud.	Dagleg vinna föstudaga.	Vinnu- stundir	Vinnu- vikur*	Tíma- kaup
Fædd 1985	08.00-12.00 og 13.00 - 17.00	08.00 - 12.00	36	8	441.35
Fædd 1986	08.00 - 12.00 og 13.00 - 17.00	08.00 - 12.00	36	8	367.80
Fædd 1987	08.00 - 12.00 eða 13.00 - 17.00	ekki unnið	16	6	318.80
Fædd 1988	sjá skýringar**				

* Vinnuvikum er skipt í tvö tímabil og fær hver nemandi vinnu á einu þeirra eins og sést betur á umsóknareyðublaðinu.

** 7. bekk er boðið upp á tveggja vikna tómstundanámskeið á vegum félagsmiðstöðvarinnar Fjörheima og Vinnuskólans.

Vinnuvikumunum er skipt í tvö tímabil og fékk hver unglingur vinnu á öðru þeirra.

Tímabil:	Vinna: (8. bekkur)		Óska- tímabil:	Til vara:
A	05. júní - 13. júlí			
B	25. júní - 3. ágúst			
Tímabil:	Vinna: (9. bekkur)		Óska- tímabil:	Til vara:
A	5. júní - 27. júlí			
B	25. júní - 17. ágúst			

Tímabil:	Vinna: (10. bekkur)	Sumarfrí:	Óska- tímabil:	Til vara:
A	5. júní - 27. júlí			
B	25. júní - 17. ágúst			

Námskeið

Í ár voru haldin tvö námskeið fyrir flokksstjóra í Vinnuskóla Reykjanesbæjar. Það fyrra fór fram 30. maí undir yfirskriftinni "Þjálfun fyrir flokksstjóra og leiðtoga" og var það haldið af Ólafi Grétari Gunnarssyni stjórnendabjálfa og ráðgjafa. Á námskeiðinu var fjallað um hlutverk flokksstjóra, virka hlustun og jákvæða

meðhöndlun vandamála og markviss samskipti og samvinna. Námskeiðið stóð yfir frá 08.00 til 16.30.

Annað námskeið fyrir flokksstjóra var haldið föstudaginn 8. júní. Á námskeiðinu ræddi Kristinn Hilmarsson talmeinafræðingur um málhelti og Gylfi Jón Gylfason sálfræðingur ræddi um einelti.

Að stærstum hluta var þó námskeiðið í umsjón Gáska-vinnuvernd. Þar var m.a. rætt um stoðkerfi barna og unglunga og hvernig það er frábrugðið stoðkerfi fullorðinna. Þá var rætt um reglugerð um vinnu barna og unglunga og fjallað um þau atriði sem snúa að starfi Vinnuskóla. Einnig var rætt um vinnuvernd, skilgreiningu á hugtakinu, hvaða atriði þarf að hafa í huga við líkamsbeitingu og hverju geta flokksstjórar fylgst með þegar unglingar beita sér við vinnu.

Á þessu námskeiði var megináhersla lögð á unglingsárin og helstu breytingar sem þeim fylgja. Fjallað var um félags- og líkamsþroska unglunga og þróun sjálfmyndar. Rætt var um mikilvægi flokksstjóranna sem fyrirmynda, um helstu hlutverk flokkstjórans og stjórnun vinnuhópa. Þá var rætt um hópefli og vandamál og deilur sem upp kunna að koma í starfi með unglungum og lausnir. Áhersla var lögð á fyrirbyggjandi starf m.a. fjallað um einelti, aga og vímuefnaneyslu.

Í lok námskeiðsins var farið yfir helstu mál sem snúa að vinnu við Vinnuskólann, m.a. mætingu, veikindi, leyfi, agamál, brottrekstur úr vinnu og samskipti á milli flokksstjóra og unglunga.

Tækjakostur

Vinnuskólinn hafði til afnota eftirtaldar bifreiðar:

MMC L-300	árg.	1992
Mazda	árg.	1992
Nissan	árg.	1992

Einnig hefur Vinnuskólinn keypt ýmis smáverkfæri og eru þau í geymslu í áhaldahúsi bæjarins.

Aðstaða skólans á sumrin hefur verið á þremur stöðum. Skúr við Valgeirsbakarí í Njarðvík, við Holtaskóla í Keflavík og í húsnæði skólans að Vesturbraut 10.

Tómstundanámskeið

Í sumar eins og undanfarin ár stóð unglungum fæddum 1988 í 7. bekk til boða að sækja tveggja vikna tómstundanámskeið sem félagsmiðstöðin Fjörheimar skipulögðu og sáu um í samvinnu við Vinnuskólann.

Námskeiðin voru kynnt m.a. með því að senda heim til unglunganna bækling og einnig var haft samband símleiðis við þá unglunga sem ekki höfðu skráð sig.

Hér á eftir fer skýrsla um tómstundanámskeiðin.

Skólagarðar

Skólagarðar voru starfræktir eins og undanfarin ár við Baugholt í Keflavík. Góð þátttaka var hjá börnum 6-12 ára, en þátttakendur voru yfir 71 og er það veruleg aukning frá árinu áður. Skólagarðarnir hófust í byrjun júní og þeim lauk með uppskeruhátíð um miðjan ágúst.

Eva Stefánsdóttir og Sigurbjörg Gunnarsdóttir voru umsjónarmenn skólagarðana og þeim til aðstoðar var Jón Oddur Sigurðsson.

Uppskeyra var með ágætum, en grænmetið var tekið upp um miðjan ágúst en kartöfluupskeyra var fyrsta laugardag í september. Ástæðan er sú að ekki er sett niður fyrir en í annarri viku júní og kartöflurnar þurfa þetta langan tíma. Þá var mjög nauðsynlegt að nota jarðvegsdúk yfir grænmetisgarðana, en það flýtti fyrir vexti. Farið var í göngutúra og sund með börnin og einnig var Húsdýragarðurinn heimsóttur.

Smíðavöllur

Í sumar var gerður samningur við Skátasambandið Vörðuna um að þeir tækju að sér rekstur og umsjón með smíðavelli fyrir Vinnuskólann, en rekstur þeirra árið áður tókst mjög vel. . Samkomulag var við Sýslumanninn í Keflavík og lögregluna í Keflavík um aðstöðu fyrir smíðavöllinn við hliðina á lögreglustöðinni.

Hér fylgir skýrsla um rekstur smíðavallarins:

Verkefni Vinnuskólans

Reynt er eftir bestu getu að hafa mikla fjölbreytni í verkefnum unglिंगanna, en slíkt ýtir undir vinnugleði. Flokksstjórinn er ávallt hjá sínum hóp og er hlutverk hans m.a. að kenna unglिंगunum rétt handtök við þau verk sem unnin eru hverju sinni. Mikilvægt er að flokksstjórinn sé jákvæður í garð starfsins og tali vel um það. Ef hann er aftur á móti neikvæður og lætur það í ljós er nær öruggt að unglिंगarnir eru sama sinnis. Reynt er eftir fremsta megni að dreifa hópunum í ýmis verkefni og einnig á milli hverfa, en þó er reynt að hafa hópana ekki mjög langt frá heimilum sínum. Þetta er mjög jákvætt, því reynslan hefur sýnt að unglिंगarnir fá fljótt leið á að vera lengi í sama umhverfinu eða á sama staðnum.

Helstu verkefni Vinnuskólans eru:

Ruslatínsla
Beðahreinsun
Sláttur og rakstur
Tyrfing
Málningarvinna
og annað sem til fellur.

Aðstoð við unglinga

Í upphafi sumars var haldinn fundur með forsvarsmönnum Þroskahjálpar á Suðurnesjum varðandi aðstoð frá Vinnuskólanum í Dósaseli og að fatlaðir og þroskaheftir krakkar geti sótt Vinnuskólann og einnig leikjanámskeið íþróttafélaganna. Þá var einnig rætt um aðstoð frá sumarvinnu bæjarins vegna Ragnarssels.

Í sumar voru unglingar frá Vinnuskólanum til aðstoðar á íþrótt og leikjanámskeiðunum í Keflavík og Njarðvík.

Þjónusta við öryrkja og ellilífeyrisþega

Í sumar var öryrkjum og ellilífeyrisþegum boðið að fá garða sína slegna endurgjaldslaust eins og tíðkast hefur í áraraðir. Viðkomandi aðilar þurftu að óska eftir þessari þjónustu og voru hátt í 270 garðar slegnir að meðaltali þrisvar sinnum hver í sumar. Við þessi störf unnu 10 unglingar auk flokksstjóra.

Almenn ánægja er með þessa þjónustu sem bæjarfélagið veitir.

Aðsetur Vinnuskólans

Vinnuskólinn hafði aðsetur í sumar á þremur stöðum. Í aðstöðu Vinnuskólans við Vesturbraut 8 var skrifstofa yfirflokksstjóra frá byrjun júní til loka ágúst og þar var sími skólans 421 1613. Launaútreikningar fóru fram á þeirri skrifstofu og einnig á skrifstofunni í Kjarna.

Þeir unglingar sem búsettir eru í Keflavík mættu til vinnu við kjallara Sundmiðstöðvar og unglingar í Ytri Njarðvík og Höfnum við vinnuskúr skólans við Valgeirsbakarí.

Ferðalög og félagslíf Vinnuskólans

Ákveðið var nú í ár að gera nokkrar breytingar varðandi ferðalag og félagslíf í Vinnuskólanum. Þá var ákveðið að hætta við að halda dansleik fyrir Vinnuskólann vegna mjög dræmrar þátttöku undanfarin tvö ár.

Ákveðið var að 14 ára unglingar myndu heimsækja GO-kartbrautina og fara síðan í Bláa Lónið og var farið með fjóra hópa og tókst það mjög vel. 15 og 16 ára unglingarnir fóru í siglingu og áttu að sigla frá Reykjavík og upp í Hvalfjörð þar sem átti að grilla og síðan fara til baka. Ekki tókst betur til en að báturinn bilaði á leiðinni upp í Hvalfjörð og því varð að snúa við til Reykjavíkur. Þar sem þessi ferð var eyðilögð buðu forsvarsmenn SBK öllum hópnum í Bláa Lónið nokkrum dögum seinna.

Starfsnám í samvinnu við Heiðarskóla

Vinnuskólinn og Heiðarskóli hafa nú í vetur unnið sameiginlega að verkefni sem við köllum Færni og áhugamiðað nám. Þetta verkefni er fyrir nemendur sem eru við það að flosna úr skóla og er gert samkomulag á milli skóla, nemanda og foreldra um starfsnám. Hlutverk Vinnuskólans er að útvega nemandanum vinnustað sem tengist hans áhugasviði og greiða honum tímakaup fyrir hans vinnu þar. Um er að ræða vinnu í allt að 4 klukkustundir á viku samhliða námi. Í vetur eru sex nemendur úr 10. bekk í slíku starfsnámi á jafnmörgum vinnustöðum. Í haust var gert samkomulag til loka janúar, en svo vel hefur tekist til að ákveðið var að framlengja vinnu nemendanna á þessum vinnustöðum til vors. Í fyrra var þetta í fyrsta skipti gert til reynslu sem var mjög góða og því ákveðið að halda þessu áfram.

Lokaorð

Í heild sinni má segja að starfsemi Vinnuskólans þetta árið hafi tekist vel. Undirbúningur fyrir næsta sumar er hafinn, en huga þarf vel að breytingum sem hafa átt sér stað í grunnskólunum. Nú er ljóst að skólastarf verður í öllum grunnskólunum til 8. júní og því ljóst að unglingarnir koma ekki til vinnu fyrr en mánudaginn 10. júní. Þetta gerir það að verkum að ýmis störf sem Vinnuskólinn hefur unnið að t.d. fyrir sjómannadaginn og 17. júní færast nú yfir á fleiri herðar, þar sem tíminn er naumur. Þá þarf að huga að vinnutímabilum unglinganna en Vinnuskólanum lýkur 16. ágúst og því ljóst að fleiri unglingar verða við vinnu á sama tíma. Þetta útheimtir fleiri flokksstjóra og einnig fleiri áhöld. Vinna er nú í fullum gangi við að mæta þessum breytingum.

Ragnar Örn Pétursson